# MAXI 700

## Fúgulaus iðnaðargólf / tæknilýsingablað

Gólflagnir
IÐNAÐARGÓLF

Stórhöfða 22 110 Reykjavík
Sími: 564 1740 • Fax: 534 1741
Netfang: golf@golflagnir.is



Maxi 700 gólfefnið er hluti af heildarlausn Gólflagna í gólf og veggefnum.

## Kostir:

- **Endingargott.**
- **Mikið slit og höggþol.**
- **Samskeytalaust, auðvelt að þrífa.**
- **Bætir umhverfi á vinnustað.**
- **Fljótleg í ásetningu.**
- **Mikið efnaþol.**
- **Án skaðlegra leysiefna.**

## Notkunarmöguleikar:

Dæmigerðir notkunarstaðir Maxi 700 eru t.d. verkstæði og lagerhúsnæði, sýningarsalir og í matvælaiðnaði þar sem álag er lítið.

## Efnislýsing:

Maxi 700 er tveggja þátta epoxy fjölliðuefni án leysiefna sem lagt er 0,7 mm þykkt. Það samanstendur af glærum grunni og litaðri þykkmálningu sem yfirefni. Samanlögð efnisþykkt grunns og þykkmálningar er u.þ.b. 0,7 mm. Maxi 700 gólfefnið er í raun aðferð þar sem undirvinnan byggist á sérstakri demantsslípun undirlagsins. Efni er síðan lagt á í þrefaldri þykkt miðað við hefðbundin málningarkerfi á allra leysiefna

Maxi 700 er fáanlegt í fimm stöðluðum litum samkvæmt litakorti. Hægt er að setja hálkuvörn í yfirborð gólfefnisins en um leið verður erfiðara að þrífa það.

## Dæmi um eiginleika:

Eigninleikar Maxi 700 hafa verið rannsakaðir og þá miðað við 20°C hitastig. Niðurstöður urðu eftirfarandi:

- eðlisþyngd grunns 1,15
- eðlisþyngd yfirefnis 1,5
- rúmmál fastaefnis 100%
- togstyrkur meiri en steypu
- brotstyrkur 70 N/mm$^2$ (BS 6319)
- beygjuþol 55 N/mm$^2$ (BS 6319)

Maxi 700 er algerlega raka og vatnsgufuþétt.

Hörðnunartími:
- gangandi umferð - 24 klst.
- flest umferð - 48 klst.
- fullt álag - 7 dagar.

## Dæmi um eiginleika:

Maxi 700 gólfefnið er háglansandi sérstaklega fyrst eftir lögn. Það gljáir því þar til það mattast af sjálfu sér við notkun. Áferð og ásýnd efnisins fer að miklu leyti eftir gæðum undirlagsins.

## Vinnsluferli:

Áður en Maxi 700 er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

1. Að undirlag sé meira en 25 N/mm2 að brotstyrk. að öðrum kosti þarf að styrkja undirlag emð epoxy vætingu "impregneringu".
2. Því sléttara og betra undirlag, því áferðarbertra gólfefni
3. Að hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Að lofthiti sé meiri en 18% við gólf meðan á lögn stendur.

Lagning Maxi 700 sem og annara fjölliðu efna er vandasamt verk og ætti einungis að vinnast af sérhæfðum verktaka sem kann með efnin að fara, og hefur yfir réttum vélakosti að ráða.
Gólflagnir er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði og hefur víðtæka reynslu og þekkingu srm tryggir góðan árangur.

Lagning Maxi 700 gólfefna samanstendur af eftifarandi verkliðum:

1. gólfið / undirlagið hreinsað með sérstakri þriggja hausa demantsvél sem tryggir viðloðun og bætir áferð.
2. Sprungur sagaðar upp og fylltar með epoxy massa.
3. Gólfið grunnað.
4. 12-14 tímum eftir grunnun er þykkmálning lögð á hið grunnaða gólf með rúllu eða spaða.

Þeir sem hafa fjárfest í iðnaðargólfi ættu að athuga að með góðri umhirðu má auka við endingu gólfsins auk þess sem það helst lengur fallegt.
Þá skal bent á að nýtt gólf getur oft á tíðum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað og þar með eykst líka ending gólfsins.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

DGNB

Maxi 700®
Þykkmálning